



AÐALFUNDUR ORIGO HF.

7. MARS 2019 KL. 16.00

í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37

- 1 Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
- 2 Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu
- 3 Tillaga stjórnar um lækkun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun sem felur í sér breytingu á grein 2.1 í samþykktum félagsins
- 4 Tillaga stjórnar um að breyta grein 5.1 í samþykktum félagsins þannig að stjórn verði framvegis skipuð 5 mönnum og engum varamanni
- 5 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
- 6 Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu (óbreytt)
- 7 Kosning stjórnar
- 8 Kosning endurskoðanda
- 9 Tillögur frá hluthöfum
- 10 Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga
- 11 Önnur mál

RÉTTUR HLUTHAFA TIL AÐ FÁ MÁL SETT Á DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDAR OG KOSNING

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 mánudaginn 25. febrúar 2019. Nánari upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar.

Tillaga tilnefningarnefndar félagsins um tilnefningar stjórnarmanna mun liggja fyrir tveimur vikum fyrir aðalfund. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 13. febrúar 2018,
stjórn Origo hf.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á origo.is

origo.